

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Hvalfirði



Dags eftirlits	18.10.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.510	
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	Staðsetning	381063,917	435432,324

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust við eftirlit. Tvær athugasemdir eru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með rekstraraðila. Unnið er að endurbótum á tæringarvarnarkerfi (katóðuvarnir) geyma og lagna í stöðinni.

Undanþága ráðuneytis frá kröfum um gufuendurnýtingarkerfi er í gildi til 1. janúar 2013. Undanþágan verður ekki nýtt þar sem bensín hefur ekki enn verið sett í stöðina. Tengingum við gufuendurnýtingarkerfi er lokið. Breyta þurfti lögnum til þess að samtengja löndunaraðstöðu á Miðsandsbryggju fyrir báðar stöðvar olíufélaganna. Þrýstiprófanir vegna breytinga er lokið. Þrýstiprófuð var stripperlögn nr. 41 – 54A og stóðst hún prófunina.

Skoðaðar voru skráningar, bæði í miðlægum gagnagrunni Skeljungs svo og í rekstrarhandbók fyrir stöðina. Síðast þegar olía var mæld í frárennsli olíuskilju voru olíuleifar í sýninu innan við 0,5 ppm.

Geymarnir voru botnþykktarmældir árið 2008 og lagnir voru þrýstiprófaðar sama ár. Skráningar eru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Flest er neðanjarðar og sést því ekki við skoðun. Farið var upp í mengunavarnarpró og var allt eins og tilskilið er. Olíuskynjarar eru í frárennsli geyma og þróar og eru þeir tengdir raflokum sem loka frárennsli frá stöðinni ef olía skynjast í vatninu. Skynjarar og lokar hafa verið prófaðir og virka eins og til er ætlast.

Við skoðun á stöðinni var ekki búið að merkja geyma með fastanúmerum eins og til er ætlast. Nú hefur borist erindi frá Skeljungu um að fastanúmer geymanna verði: geymir nr. 1 verði 231-4276 120101, geymir nr. 2 verði 231-4276 130101, geymir nr. 3 verði 231-4276 140101 og geymir nr. 4 verði 231-4276 150101. Ljúka þarf merkingum.

Girðingar og hlið voru í ágætu lagi.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Ljúka þarf viðgerðum á tæringarvarnarkerfi stöðvarinnar.

Athugasemd 2:

Ljúka þarf merkingum geyma.

ANNAÐ

Niðurstöður olíuprófs Macherey-Nagel á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar hafa borist. Olía greindist ekki í frárennslinu.

Reykjavík, 16.11.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemdir: Ástand og niðurstaða athugasemda er til staðar í viðhengi 4 af þessu heildarvæðingarskýrslu. Athugasemdir eru til staðar í viðhengi 5 af þessu heildarvæðingarskýrslu.